



## Fundur háskólaráðs 13. febrúar 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 10.02.2003  
Dags: 13.02.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

3/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 13. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Stefán Svavarsson, Davíð Gunnarsson, María Guðmundsdóttir, Hjalti Hugason, Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Loftsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram bréf frá Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, dags. 23. janúar 2003. Með bréfinu fylgir listi yfir úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir árið 2003, nöfn styrkþega og verkefni þeirra.
- 1.2 Lögð fram greinargerð um störf jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands, ásamt bréfi Baldurs Þórhallssonar, formanns jafnréttisnefndar, dags. 28. janúar 2003.  
- Frestað. Háskólaráð telur mikilvægt að hlutlægt mat fari fram á árangri jafnréttisstarfsins og var Önnu Soffíu Hauksdóttur og Hjalta Hugasyni falið það verkefni.
- 1.3 Lagt fram yfirlit, dags. 3. febrúar 2003, yfir störf dómnefnda 2000 - 2002 og stöðuna nú.
- 1.4 Lagt fram yfirlit yfir framkvæmd áætlunarinnar „Uppbygging Háskóla Íslands – markmið og aðgerðir 2002-2005“, dags. 31. janúar 2003.
- 1.5 Lagt fram minnisblað vísindanefndar til rektors um gæðamál og úttektir, dags. 22. janúar 2003.
- 1.6 Lagt fram bréf frá sendiherra Ítalíu, dags. 30. janúar 2003, um kennslu í ítölsku við Háskóla Íslands.
- 1.7 Lögð fram skýrsla Öryggisnefndar Háskóla Íslands fyrir árið 2002.
- 1.8 Lagt fram minnisblað, dags. 13. febrúar 2003, um fundi og viðburði á vormisseri 2003.
- 1.9 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 31. janúar 2003, varðandi fjárlagatillögu Háskólans fyrir árið 2004.
- 1.10 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 3. febrúar 2003, þar sem fram kemur að rektor er skipaður í nefnd til að gera tillögur um heildarfyrirkomulag jarðvísinda á Íslandi.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram drög að tillögum starfshóps um framtíðarfyrirkomulag íþróttamála við Háskóla Íslands, dags. 6. janúar 2003.  
- Málið var kynnt og rætt, frekari umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.2 Þverfaglegt nám á meistarastigi við Háskóla Íslands. Skipulag. (Minnisblað lagt fram 9. janúar sl.).

- Málið var rætt. Frestað til næsta fundar.
- 2.3 Lögð fram drög að reglum um rannsóknánám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands ásamt minnisblaði, dags. 10. febrúar 2003.
  - Reglur um rannsóknánám við félagsvísindadeild voru samþykktar einróma.
- 2.4 Lögð fram drög að reglum um diplómanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands ásamt greinargerð og minnisblaði dags. 10. febrúar 2003.
  - Afgreiðslu á reglum hjúkrunarfræðideildar um diplómanám frestað.
- 2.5 Lögð fram tillaga rektors um samkeppni um Háskólatorg og ráðningu arkitekts í tengslum við skipulag háskólalóðar vestan Suðurgötu.
  - Frestað.
- 2.6 Lagt fram minnisblað, dags. 13. febrúar 2003, varðandi umsóknir starfsmanna LSH um akademískar nafnbætur ásamt reglum um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og veitingu akademískrar nafnbótar.
  - Frestað, tillaga um fulltrúa rektors og fulltrúa háskólaráðs í dómnefnd um akademískar nafnbætur rædd á næsta fundi ráðsins.
- 2.7 Lagt fram bréf frá Helga Þorlákssyni, formanni sagnfræðiskorar, dags. 14. nóvember 2002, ásamt skýrslu starfshóps um ritun aldarsögu Háskóla Íslands.
  - Hjalta Hugasyni falið að huga að framhaldi málsins í samráði við rektor.
- 2.8 Lögð fram kæra Jóhanns M. Haukssonar til háskólaráðs vegna sam-keppnisprófa í læknadeild haustið 2003.
  - Halldóri Jónssyni falið að undirbúa úrskurð háskólaráðs í málinu.
- 2.9 Lagt fram bréf Sigurðar Brynjólfssonar, forseta verkfræðideildar, dags. 6. febrúar 2003, um inntökuskilyrði fyrir nám við verkfræðideild Háskóla Íslands.
  - Óskað eftir umsögn kennslumálanefndar um málið.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

- 3.1 Viðbótarsamningur um kennslu.
 

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og sagðist vona að gengið verði frá viðauka við samning um kennslu í næstu viku.

Málið var rætt.
- 3.2 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands 2003.
 

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum minnisblöðum nefndarinnar um fjárhagsáætlun Háskóla Íslands á árinu 2003, dags. 12. febrúar 2003 og 13. febrúar 2003. Fjármálanefnd er falið að vinna áfram í málinu miðað við væntingu um fjölgun virkra nemenda og leiðréttingu á launastíku. Málið var rætt rækilega.
- 3.3 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun, sbr. síðasta fund. (Yfirlit lagt fram á síðasta fundi).
  - Samþykkt einróma að heimila nú þegar fjölgun nemenda í hjúkrunarfræðideild um 10. Umfjöllun um aðrar tillögur deilda um fjöldatakmörkanir var frestað.
- 3.4 Fræðasetur Háskólans á landsbyggðinni. Skipulag.
  - Frestað

Fleira var ekki gert.  
Fundu slitið kl. 15.20